

Efnarás ehf.  
Klettagörðum 7  
104 Reykjavík

Reykjavík, 15. júlí 2019  
UST201901-212/S.M.  
08.14.02

### **Reglubundið eftirlit, 14. maí 2019, í Efnarás ehf.**


Þann 14. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit í Efnarás ehf., Gufunesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


### **Tvær ábendingar voru gerðar og þrjú frávík komu fram í eftirliti er varða:**

1. mgr., gr. 3.3 og 3. mgr. gr. 3.4 í starfsleyfi. Spilliefni skulu geymd og meðhöndluð þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins og ílát skulu staðsett og varin þannig að þau séu stöðug og verði ekki fyrir hnjaski. Staðsetning fiskikara með freonkútum ofan á gámum getur ekki talist sem stöðug geymsla og spilliefnin eru því ekki geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins.
2. 1 mgr. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Öll ílát sem notuð eru til geymslu á spilliefnum skulu vera traust, lekaheld og frágangur íláta í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Í vettvangsferðinni sáust fjórir bambar með úrgangsolíu sem ekki voru með árekstravörn en slíkt samræmist ekki ákvæðum starfsleyfisins.
3. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningum um úrgang sem tekið er á móti (sbr. gr. 4.1) hefur ekki verið skilað fyrir síðasta almanaksár.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 6. ágúst, 2019.**

Virðingarfyllst

  
Sigríður Magnúsdóttir

  
Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnarás ehf. Gufunesi



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	14.5.2019	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Efnarás ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Klettagörðum 9	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5303150290	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jóhann Karl Sigurðsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.32.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðmundur Árni Jónsson	<b>Staðsetning</b>	360615,942 408599,18

## NIÐURSTADA EFTIRLITS

Í eftirlitinu voru skráð þrjú frávik frá starfsleyfi er varða skýrslugjöf og frágang á ílátum undir spilliefni. Einnig voru gerðar tvær ábendingar er varða uppfærslu á viðbragðsáætlun og stíflað niðurfall.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlit í Efnarás í Gufunesi þriðjudaginn 14. maí 2019. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Skráningar skv. gr. 4.1 í starfsleyfi.
2. Viðbragðsáætlun vegna mögulegrar bráðamengunar (gr. 2.6)
3. Tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 2.8)
4. Tryggingar vegna mögulegs bráðamengunartjóns (gr. 2.10)
5. Síðasta eftirlitsskýrsla:
  - a. Teikningar af frárennsliskerfi í lóð
  - b. Uppfærslur á verklýsingum og þjálfun starfsmanna vegna nýrrar aðstöðu.
6. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
7. Skoðunarferð um svæðið

Eftirlitið hófst á fundi í húsakynnum Efnarásar þar sem þeir Jóhann Karl Sigurðsson og Guðmundur Árni Jónsson tóku á móti eftirlitsmanni. Jóhann Karl er að láta af störfum hjá Efnarás og Guðmundur Árni að taka við. Minnt var á að tilkynna breytingu á tengilið rekstraraðila við Umhverfisstofnun. Farið var yfir umfang starfseminnar, en Efnarás má taka á móti að hámarki 5200 tonnum af spilliefnum á ári til undirbúnings fyrir endurnýtingu, að hámarki mega vera 300 tonn á svæðinu í einu. Rekstraraðili telur að heildarmagn spilliefna fyrir 2018 sem og magn á lóð sé langt undir þessum magntölum. Í eftirliti hafði skráningum á magni úrgangs 2018 ekki verið skilað til stofnunarinnar.

Rætt var um mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim. Engin mengunaróhöpp hafa orðið á síðastliðnu ári. Rekstraraðili lagði fram viðbragðsáætlun fyrirtækisins vegna mengunaróhappa sem og verklýsingar fyrir daglega starfsemi. Eftirlitsmaður lagði fram nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um viðbrögð við mengunaróhöppum og benti rekstraraðila á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með skjalið til hliðsjónar, ef þörf er á. Ein ábending var gerð varðandi það að tilkynningar um mengunaróhöpp berist á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) og er rekstraraðili bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína varðandi þetta atriði.

Rekstraraðili lagði fram staðfestingu á tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda.

Farið var yfir atriði síðustu eftirlitsskýrslu en fulltrúi Umhverfisstofnunar kom í fyrirvalaust eftirlit í starfstöð Efnarásar í Gufunesi í ágúst 2018. Í því eftirliti kom fram að niðurfall í gólfi innandyra væri stíflað og hefði verið frá því áður en Efnarás tók við aðstöðunni. Eftirlitsmaður fór fram á að afrit af lagnateikningum af frárennslis yrðu send stofnuninni, í eftirliti nú voru teikningarnar afhentar. Við skoðun reyndist niðurfallið enn vera stíflað og samkvæmt rekstraraðila þarf að fara í talsverða framkvæmd við losun stíflunnar þar sem grafa þarf upp lögnina og skipta út. Rekstraraðili segir slíka framkvæmd vera á höndum eiganda lóðarinnar sem leigir hana til Efnarásar ehf. Bent er á að á meðan niðurfallið er stíflað er frárennsliskerfið ekki að fullu virkt og því nauðsynlegt að ráðast í lagfæringu sem allra fyrst.

Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlits var kynnt, en skv. 57. gr. rg. nr. 550/2018 ber Umhverfisstofnun að byggja tíðni vettvangsheimsóknna á kerfisbundnu áhættumati fyrir starfsemi sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar.

Að loknum fundi var farið í skoðunarferð um svæðið. Nokkrir gámar standa á planinu, en verið var að fylla á þá. Þriggja hæða stæða af tómun fiskikörum var á svæðinu og gæti mögulega skapað hrún- eða slysa-hættu. Ofan á einum gámnum voru fiskikör full af kútum með freoni, en þessir kútar bíða flutnings til Efnamóttökunnar sem mun tappa af þeim yfir á stærri geyma til útflutnings. Bent er á að hætta geti skapast af því að geyma gaskúta í þessari hæð ofan á gámnum, en af því getur skapast hrún- og slysa-hætta sem og ef illa færi gæti orsakast af því mengunarslys.

Nokkrir gámar með ísskápum standa á miðju planinu, en þeir eru á leið af svæðinu og verða fluttir á svæði Hringrásar í Klettagörðum. Fram kom að birgðir á starfstöðinni í Gufunesi myndu eitthvað minnka í framtíðinni þar sem að hluti starfseminnar myndi flytjast aftur í Hringrás í Klettagörðum.

Við suðurenda lóðarinnar, fyrir utan plan Efnarásar en innan sömu girðingar, er Sorpa með starfsemi og gert er ráð fyrir því að vinnuskúrar á vegum Sorpu verði settir inn á suðvesturhluta plans Efnarásar.

Fjórir bambar með úrgangsolíu stóðu á planinu hjá Efnarás. Engar árekstravarnir voru við bambana.

Að öðru leyti eru skipulag á svæðinu ágætt þó þar sé heilmikið magn að finna, það stendur þó til bóta að sögn rekstraraðila en markmiðið er að hafa sem minnst af birgðum liggjandi á svæðinu.

Viðbragðsáætlun og verklýsingar eru til fyrirmyndar.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

1. mgr. gr. 3.3 og 3. mgr. gr. 3. 4

Spilliefni skulu geymd og meðhöndluð þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins og ílát skulu staðsett og varin þannig að þau séu stöðug og verði ekki fyrir hnjaski. Staðsetning fiskikara með freonkútum ofan á gámum getur ekki talist sem stöðug geymsla og spilliefnin eru því ekki geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins.

1. mgr. gr. 3.4

Öll ílát sem notuð eru til geymslu á spilliefnum skulu vera traust, lekaheld og frágangur íláta með olíu skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Í vettvangsferðinni sáu fjórir bambar með úrgangsolíu sem ekki voru með árekstravörn slíkt samræmist ekki ákvæðum starfsleyfisins.

gr. 4.4

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningum um úrgang sem tekið er á móti (sbr. gr. 4.1) hefur ekki verið skilað fyrir síðasta almanaksár.

## ÁBENDINGAR

1. Uppfæra þarf viðbragðsáætlun þannig að tilkynningar um mengunaróhöpp berist á tölvupóstfang Umhverfisstofnunar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).
2. Laga þarf stíflað niðurfall á lóð fyrirtækisins.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.07.2019



---

Sigríður Magnúsdóttir